

# Lög

## um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999, með síðari breytingum.

---

### 1. gr.

Við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Umhverfisstofnun skal halda námskeið í landvörslu í samræmi við reglugerð umhverfisráðherra, sbr. 2. mgr. Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir námskeið í landvörslu og próftöku sem þátttakendur greiða. Upphæð gjalds má ekki vera hærri en sá kostnaður sem hlýst af námskeiðshaldi og vinnu vegna próftöku. Ráðherra setur gjaldskrá að fengnum tilögum Umhverfisstofnunar.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 25. mars 2009.*